



# SGK2A05 – Kvikmyndasaga II

Námsáætlun, haustönn 2024

**Kennari/kennarar:**

**Þorgeir Guðmundsson**

**Netfang/netföng:**

[thorgeir.gudmundsson@borgo.is](mailto:thorgeir.gudmundsson@borgo.is)

## Lýsing:

Í áfanganum kynnst nemendur kvikmyndum í sögulegu samhengi ásamt því að horfa á valdar myndir sem tengjast mikilvægum straumhvörfum í kvikmyndasögunni. Nemendur fá þjálfun í að velta fyrir sér kvikmyndafræðilegum álitamálum og fá innsýn inn í það hvernig staðið er að kvikmyndagreiningu og rýni.

Í hverri viku horfum við saman á mynd ýmist í stofu 110 eða Bíó Paradís. Svo förum við á RIFF kvikmyndahátíðina og er hverjum nemanda skylt að sjá í það minnsta fimm myndir á hátíðinni og vinna verkefni/dagbækur upp úr þeirri reynslu.

## Þekking, leikni, hæfni:

Nemendur læra að greina kvikmyndir og öðlast þekkingu og skilning á:

- Sögu og þróun kvikmyndagerðar til okkar tíma.
- helstu stefnum og straumum í kvikmyndasögunni.
- ólíkum aðferðum í kvikmyndagerð tengdum tímabilum.

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- leita sér upplýsinga um upphaf og þróun kvikmyndagerðar með rýni í kvikmyndir ásamt lestri bóka og notkun upplýsingaveita.
- greina á milli ólíkra stefna, strauma og stíla í þeim lykilkvikmyndum sem skoðaðar verða.
- Vinna með öðrum nemendum að greiningu kvikmynda og miðla henni munnlega og sjónrænt.

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- greina og lesa kvikmyndir út frá tímabilum, tíðaranda og umhverfinu sem þær eru sprotnar úr og tekið þátt í og stofnað til samræðu um kvikmyndafræðileg álitamál.

**Námsmat:**

Dagbækur 60%

Rýni I 20%

Rýni II 20%

**Námsgögn:** *Ekki er þörf á því að fjárfesta í kennslubók. Kennari mun útvega nemendum nauðsynleg gögn. Ef nemandi missir af kvikmyndasýningu þarf sá hinn sami þó að útvega sér sjálfur eintaki af umræddi kvikmynd til áhorfs.*

**Aðrar mikilvægar upplýsingar:**

- *Nemendur bera sjálfir ábyrgð á að afla sér upplýsinga um námsefni og verkefni sem unnin eru í tímum sem þeir missa af. Sé nemandi ekki mættur í kennslustund innan 10 mínútna frá því að hún hefst telst hann fjarverandi í tímanum.*
- *Úrlausnir verða að geta talist verk nemenda að öllu leyti. Sé texti tekinn annars staðar frá og villt fyrir um uppruna hans telst verkefni ógilt, sama hvort um sé að ræða gáleysi nemanda eða einbeittan brotavilja.*
- *Námsáætlun er sett fram með fyrirvara um mögulegar breytingar á kvikmyndavali.*

Vika	Dags.	Námsþættir	Námsmats- þættir
1	19.-23. ágúst		
2	26.-30. ágúst	<b>Kynning á áfanga.</b> Hitchcock, Orson Welles	
3	2.-6. sept.	Ingmar Bergman,	<i>Dagbók 10%</i>
4	9.-13.sept.	Stanley Kubrick	
5	16.-20.sept	Tarkovsky	<i>Vörðuvika I Dagbók 10%</i>
6	23.-27. sept.	Robert Altman <b>RIFF</b>	
7	30.sept.- 4. okt.	<b>RIFF</b>	<i>Dagbók 10%</i>
8	7.-11. okt.	Sam Peckinpah	
9	14.-18. okt.	<b>Rýni I – Kynning</b>	<i>20%</i>
10	21.-23. okt.	David Lynch	<i>Hausthlé</i>
11	29. okt.-1. nóv.	Werner Herzog, Wim Wenders, R.W. Fassbinder	<i>Dagbók 10%</i>
12	4.-8. nóv.	Aki Kaurismaki, Jim Jarmusch, Friðrik Þór Friðriksson	<i>Vörðuvika II.</i>
13	11.-15. nóv.	John Cassavetes	<i>Dagbók 10%</i>
14	18.-22. nóv.	Wong Kar-Wai	
15	25.-29. nóv	Paul Thomas Andersson	<i>Dagbók 10%</i>
16	2.-6. des.	<b>Rýni II – Kynning</b>	<i>20%</i>
17	9.-12. des	Uppsóp / Jólamynd?	<i>Síðasti kennsludagur</i>

*Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar.*